

Aðalfundur Nýrnafélagsins haldinn þann 8. apríl 2025 skorar á viðeigandi stjórnvöld að beita sér fyrir því að nýrnasjúklingar og nýraþegar hafi aðgang að endurhæfingu, bæði andlegri og líkamlegri meðan og eftir að meðferð líkur.

Flestir sem veikjast af alvarlegum og langvinnum sjúkdómum eiga kost á endurhæfingu eins og er á Reykjalundi og fleiri stöðum en nýrnasjúklingar hafa ekki átt völ á því hingað til.